

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem lögð var fram á fundi menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs 13. desember 2024 og frestað.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu: Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð Reykjavíkur beinir því til borgarráðs að ráðist verði í uppgjör milli Reykjavíkurborgar og Íþróttafélagsins Fylkis samkvæmt samkomulagi þessara aðila frá 18. desember 2017. Samkvæmt umræddu samkomulagi var m.a. gert ráð fyrir því að Fylkir gæfi eftir æfingasvæði milli Hraunbæjar og Bæjarháls, sem félagið hafði til afnota um áratugaskeið. Reykjavíkurborg fengi æfingasvæðið til uppbyggingar en 20% af söluverði byggingarréttar á svæðinu, umfram 400 milljónir króna, færu til uppbyggingar og endurbóta á svæði Fylkis.